



Akraneskaupstaður
Bt. bæjarráð
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 25. október 2017

Endurbætur á annari hæð suðurálmú Höfða

Í byrjun febrúar á næsta ári eru 40 ár liðin frá því að fyrsti áfangi Höfða var tekin í notkun og íbúar fluttu inn. Húsnæði Höfða hefur í gegnum tíðina verið byggt í nokkrum áföngum. Samfara því að byggt var við Höfða á árunum 2011 til 2012 var ráðist í endurbætur á fyrstu hæð suðurálmú sem er elsta bygging Höfða.

Eftir stendur að önnur hæð þessara sömu byggingar ásamt íbúðum á tengigangi á fyrstu hæð eru ennþá í upprunalegu ástandi. Eins og gefur að skilja þá er ástand þessa hluta húsnæðis Höfða farið að láta verulega á sjá eftir 40 ára notkun og er orðið aðkallandi að ráðast í endurbætur.

Meðfylgjandi er áætlun Magnúsar H. Ólafssonar arkitekts á því hvað hugsanlegur kostnaður væri af því að ráðast í þær endurbætur.

Er það ósk Höfða að eignaraðilar Höfða komi að fjármögnun þessara endurbóta.

Virðingarfyllt,

Kjartan Kjartansson
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Áætlun Magnúsar H. Ólafssonar arkitekts.